

## Ársskýrsla Fjölbrautaskólans í Breiðholti 2011



Nemendur á listnámsbraut FB

## 1. Hlutverk og skipulag

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti starfar samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla og heyrir undir menntamálaráðherra. Hlutverk skólans er kennsla á bók-, list- og verknámsbrautum og eru lokapróf frá skólanum stúdentspróf af félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, íþróttabraut og viðskipta- og hagfræðibraut, stúdentspróf að loknu starfsnámi, próf í húsasmíði, rafiðngreinum og snyrtifræði, lokapróf af sjúkraliðabraut, stúdentspróf af listnámsbrautum (myndlistarkjörsviði og textíl- og handmenntakjörsviði), svo og próf eftir árs nám á handíðabraut. Á sviði námsstuðnings býður skólinn fjögurra ára nám á starfsbraut, nám á innflytjendabraut og framhaldsskólabraut. Nám á námsbrautum FB er rekið í dagskóla, og kvöldskóla, auk þess sem skólinn á sjálfseignarstofnunina Fjölval, sem rekur Sumarskóla FB í júnímánuði ár hvert.

## 2. Fjöldi nemenda á brautum og fjöldi útskrifaðra

Nemendur skólans skiptust þannig á brautir undangengin tvö ár:

Fjöldi nemenda eftir brautum						
Tegund náms	2010V	2010H	2010	2011V	2011H	2011
<b>Námsstuðningur</b>			6,4%			8,6%
Framhaldsskólapróf		49		49	70	
Innflytjendabraut	38	44		38	43	
Starfsbraut	31	32		32	33	
<b>Nám til stúdentsprófs</b>			38,5%			38,3%
Félagsfræðibraut	252	265		271	279	
Málabraut	50	43		40	42	
Náttúrufræðibraut	111	125		110	121	
Íþróttabraut	116	132		135	157	
Upplýsinga- og tæknibraut	4	1		1	1	
Viðskiptabrautir	34	32		19	9	
<b>Iðn- og verknám</b>			32,0%			29,4%
Húsasmíðabraut	89	88		69	73	
Rafiðnir	110	127		112	115	
Sjúkraliðanám	79	84		68	84	
Snyrtibraut	167	178		164	185	
Nám að loknu starfsnámi	23	23		21	18	
<b>Listnám</b>			18,2%			18,8%
Handíðabraut	71	82		67	77	
Listnámsbraut	193	204		209	229	
<b>Annað nám</b>			5,0%			5,0%
Ótilgreint nám	5	9		17	14	
Almenn námsbraut	74	63		64	59	
<b>Samtals</b>	<b>1447</b>	<b>1581</b>	<b>100%</b>	<b>1486</b>	<b>1609</b>	<b>100%</b>
Nemendur í leyfi	49	50		58	52	
<b>Fjöldi virkra nemenda</b>	<b>1398</b>	<b>1531</b>		<b>1428</b>	<b>1557</b>	
Nemendur í kvöldskóla	530	373		523	639	
<b>Samtals í skólanum</b>	<b>1928</b>	<b>1904</b>		<b>1951</b>	<b>2196</b>	

Á milli árána 2010 og 2011 jókst heildarfjöldi nemenda í dagskóla um 5,7%. Tæplega 50% nemenda stundaði nám á list- og verknámsbrautum, um 10% á sviði námsstuðnings og tæp 40% voru skráðir á námsbrautir til stúdentsprófs. Framboð á kvöldskólanámi var aukið á ný á árinu til að mæta óskum um að sem flestir sem þess óska fengju inni í framhaldsskóla. Þannig fjölgaði nemendum í kvöldskóla um 29% á milli árána 2010 og 2011, úr 903 í 1162.

Útskriftir úr skólanum skiptust þannig á milli brauta árin 2008, 2009, 2010 og 2011:

Tegund prófs	V08	H08	V09	H09	V10	H10	V11	H11
Stúdentspróf af félagsfræðibraut	39	27	27	23	19	28	39	37
Stúdentspróf af íþróttabraut	2	5	3	5	4	4	6	4
Stúdentspróf af málabraut	3	1	6	4	1	2	3	5
Stúdentspróf af náttúrufræðibraut	13	4	4	10	7	8	11	13
Stúdentspróf af upplýsinga- og tæknibraut	2	0	4	2	1	0	1	0
Stúdentspróf af viðskipta- og hagfræðibraut	2	2	5	3	7	3	4	6
Stúdentspróf af handmenntabraut	2	6	4	1	10	5	12	7
Stúdentspróf af myndlistarbraut	17	6	14	7	15	9	15	11
Þriggja ára myndlistarbraut							1	0
Handíðabraut 1 ár	10	2	11	1	2		2	2
Sjúkraliðar	30	25	16	13	21	36	17	18
Burtfararpróf af snyrtibraut	10	12	7	8	6	13	11	10
Burtfararpróf af húsasmiðabraut	12	10	13	12	18	18	20	15
Burtfararpróf af rafvirkjabraut	28	16	35	7	16	23	22	13
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	19	18	16	18	22	26	24	24
Starfsbraut	3	0	4		5	0	5	0
<b>Samtals lokapróf</b>	<b>192</b>	<b>134</b>	<b>169</b>	<b>114</b>	<b>154</b>	<b>175</b>	<b>193</b>	<b>165</b>

Heildarfjöldi útskrifaðra jókst um 8,8% á milli árána 2010 og 2011. Árið 2010 voru afhent 329 lokaprófsskírteini frá skólanum, en árið 2011 voru skírteinin 358. Á meðan útskriftir úr verknámi og listnámi haldast nokkurn veginn óbreyttar milli ára, hefur stúdentsprófum frá skólanum fjölgað um 33%, eða úr 133 í 177. Þar af er mest fjölgun stúdentsprófa af félagsfræðibraut (úr 47 í 76, fjölgun um 29 skírteini) og þar næst á náttúrufræðibraut (úr 16 í 24, fjölgun um 8 skírteini). Þessi þróun er önnur en sú sem var á milli síðasta og þarsíðasta árs, en þá var mest fjölgun í prófum af verk- og listnámsbrautum.

Skipting útskrifaðra frá FB eftir gerð náms 2009-11						
Bóknám, listnám, verknám	Fjöldi			Hlutfall útskrifaðra		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
Bóknámsstúdentspróf	96	84	129	33,9%	25,5%	36,0%
Listnám (lýkur yfirl. með stúdentsprófi)	38	41	50	13,4%	12,5%	14,0%
Verknám (og stúdentspróf að því loknu)	145	199	174	51,2%	60,5%	48,6%
Starfsbraut (í sérdeild)	4	5	5	1,4%	1,5%	1,4%
<b>Samtals</b>	<b>283</b>	<b>329</b>	<b>358</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

### 3. Starfsemi

Árið 2011 var skólinn rekinn á grunni stefnu sem samþykkt var á fundi starfsmanna 25. maí 2010. Stefnuskrá skólans tilgreinir hlutverk, gildi og framtíðarsýn. Einnig meginmarkmið til næstu þriggja ára og markmið þar sem meginmarkmiðin eru útfærð enn frekar. Gildi skólans eru: fjölbreytni, virðing, fagmennska, framsækni og sköpunarkraftur. Í framtíðarsýn skólans eru tilgreindir þættir eins og vellíðan nemenda, gæði náms m.t.t. fjölbreytileika og tengsla við atvinnulíf, æðri menntastofnanir og íslenskt samfélag, öflugt félags- og listalíf, fyrirmyndar starfsumhverfi í skólanum og áhersla á heilsu og umhverfismál.

Meginmarkmið skólans eru að:

- *Nám og kennsla í Fjölbautaskólanum í Breiðholti standist strangar gæðakröfur*
- *Lögð verði rækt við félagsþroska nemenda og ábyrgð á eigin velferð*
- *Nemendur þekki skyldur sínar og beri ábyrgð á eigin námi*
- *Fram fari skoðun á námsframboði og námsuppbyggingu*
- *Námsstuðningur við nemendur verði aukinn*
- *Styrkja þarf tengsl skólans við ytri hagsmunaaðila og íslenskt samfélag*
- *Fagleg stöðþjónusta skólans verði eflað*
- *Aðstaða Fjölbautaskólans í Breiðholti verði gjörnýtt í þágu menntunar og upplæðis*
- *Stjórnun skólans verði traust og nútímaleg*

Strax á haustönn 2010 var hafist handa að vinna samkvæmt hinni nýju stefnu. Nýtt skipurit skólans var kynnt í tengslum við stefnuskrána. Skipuritið gerir ráð fyrir 7 millistjórnendum sem hver stýrir tilteknu starfs- eða kennslusviði skólans. Þeir eru: áfangastjóri faglegrar þjónustu, áfangastjóri námsstuðningsviðs, sviðsstjóri bóknámssviðs, sviðsstjóri heilsusviðs, sviðsstjóri lista- og byggingarsviðs, rekstrarstjóri og fjármálastjóri. Þessir stjórnendur sitja vikulega stjórnendafundi með skólameistara og aðstoðarskólameistara þar sem rædd eru ýmis stefnumál varðandi skólalaldið. Gæðaráð, skipað skólameistara og tveimur fulltrúum starfsmanna, vann við að þróa gæðastefnu skólans. Félagsmálateymi, skipað þremur fulltrúum kennara, hefur það hlutverk að styðja við félagsmálastarf nemenda og grasrótastarf í forvarnar- og umhverfismálum. Í kennsludeildum samræma fagstjórar vinnu kennara og er á hverju sviði einn fagstjóranna jafnframt sviðsstjóri.

Haustið 2010 var sett á stofn framhaldsskólabraut, sem er stuðningsnám handa nemendum sem ekki fullnægja inntökukröfum á bók, list- eða verknámsbrautir skólans. Annar árgangur nemenda hóf nám á brautinni haustið 2011 og mun fyrsti námshópurinn ljúka náminu vorið 2012. Nokkur hluti þeirra sem hófu nám haustið 2010 eru nú þegar komnir á gott skrið í námi á námsbrautum skólans jafnhliða námi á framhaldsskólabraut.

Haustið 2010 var stofnað námsver við skólann og haustið 2011 var starfsemi þess víkkuð út enn frekar og námsverið flutt á bókasafn skólans. Ráðinn var viðbótar

starfsmaður á bókasafnið, kennari með sérhæfingu í upplýsingatækni. Þannig er sameinað á einum stað, bókasafn, upplýsingatækniver og námsver. Mikil aðsókn er í þessa nýju þjónustumiðstöð skólans og hefur fagleg stoðþjónusta og námsstuðningur stóreflst.

Skólinn tekur þátt í gerð dæmabrauta í rafvirkjun og sjúkraliðanámi í samstarfi við nokkra aðra framhaldsskóla. Í undirbúningi er einnig þátttaka í gerð dæmabrautar í húsasmíði.

Á haustönn 2011 tók skólinn þátt í verkefninu „Nám er vinnandi vegur“. Við tókum við 58 nemendum á vegum VMST en auk þess voru rúmlega 200 nemendur á aldrinum 18 – 24 ára sem voru undir sérstöku eftirliti náms- og starfsráðgjafa skólans. Af þessum 263 voru 66 með E í mætingu eða rúmur fjórðungur hópsins og einkenndi slök mæting svolítið þennan hóp, rúm 50% voru undir 90% í mætingu. Þessum nemendum hefur verið fylgt mikið eftir og reynt að styðja þá eins og mögulegt er. 9 úr hópnum útskrifuðust síðan í lok haustannar.

Skólinn tók sem endranær þátt í erlendum samstarfsverkefnum á vegum Comeniusar-áætlunarinnar, Nordplus og E-twinning. Á vegum listnámsdeildar skólans eru á hverri önn haldnar sýningar á verkum nemenda bæði innan skólans og í Gallerí Tukt. og árlega eru haldnar tískusýningu á sal skólans. Þessir viðburðir skreyta skólalífið.

#### 4. Ársnemendaígildi

Samkvæmt fjárlögum 2011 fékk skólinn úthlutað 1250 ársnemendaígildum. Vegna átaksins Nám er vinnandi vegur voru mun fleiri nemendur teknir í skólann á haustönn og skilaði skólinn þannig samtals 1289 ársnemendaígildum á árinu, eða um 39 ígildum umfram fjárlög. Við uppgjör um áramót fékk skólinn aukið fjármagn til að standa undir þessum viðbótar tilkostnaði.

FB 2011	Vor 2011	Haust 2011
Dagskóli	1117	1183
Kvöldskóli	98	116
Starfsbraut	31	33
Samtals	1246	1332
Ársnemendur	1289	
Ársnemendur fjárlaga	1250	
Umframnemendur	39	

#### 5. Fjármál og rekstur

Fjárhagsstaða Fjölbrautaskólans í Breiðholti hefur snúist til hins betra á árabílinu 2009-2011. Þannig hefur á þremur árum tekist að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla skólans sem í árslok 2008 nam kr. 112,5 milljónum. Á árinu 2009 nam

lækkunin um 16,8 milljónum, á árinu 2010 var hún um 68 milljónir og á árinu 2011 sýnist hún verða um 26 milljónir, þannig að uppsafnaður rekstrarhalli skólans verður kominn niður í rúma eina milljón í ársbyrjun 2012. Á þremur árum hefur þannig tekist að greiða niður rekstrallann um rúmar 111 milljónir!

Taflan hér á eftir sýnir rekstrartölur skólans á árabílinu 2008-2011:

<b>Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: rekstur 2008-2011</b>				
<b>Heiti</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>
Dagvinna	525.584.269	495.945.005	509.352.400	491.280.202
Vaktaálag	906.135	737.424	1.292.683	663.621
Aukagreiðslur	14.152.569	12.750.824	10.591.332	4.218.963
Yfirvinna	151.847.727	135.802.867	175.833.530	203.779.189
Launatengd gjöld	173.803.386	160.490.878	153.281.539	147.458.380
Laun og tengd gjöld	<b>866.294.086</b>	<b>805.726.998</b>	<b>850.351.484</b>	<b>847.400.355</b>
Fundur, námskeið og risna	1.381.306	730.101	634.363	1.702.485
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	216.799	155.390	310.650	124.725
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	3.829.404	4.043.809	4.254.187	1.446.076
Akstur	2.146.835	1.930.550	1.566.384	2.075.468
Ferðakostn.	<b>7.574.344</b>	<b>6.859.850</b>	<b>6.765.584</b>	<b>5.348.754</b>
Tímarit, blöð og bækur	935.142	907.412	1.236.515	1.353.930
Skrifstofuvörur og áhöld	9.886.335	6.833.703	7.280.119	6.380.921
Aðrar vörur (kennsluefni)	21.146.881	19.416.876	24.267.637	18.932.242
Skrifstofuvörur og kennsluefni	<b>31.968.358</b>	<b>27.157.991</b>	<b>32.784.271</b>	<b>26.667.093</b>
Önnur sérfræðipjónusta	14.323.844	15.573.722	26.475.584	22.408.439
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	1.677.381	3.817.242	5.088.308	3.923.280
Prentun,póstur, augl., flutningar	4.040.439	2.966.193	4.448.093	5.505.957
Sími og ýmis leigugjöld	6.903.057	9.279.786	6.496.965	8.051.198
Pjónusta	<b>26.944.721</b>	<b>31.636.943</b>	<b>42.508.950</b>	<b>39.888.874</b>
Verkkaup og byggingavörur	6.628.502	4.637.946	4.010.353	4.048.313
Rafmagn og heitt vatn	13.815.223	10.684.764	11.687.202	10.874.763
Húsaleiga og aðk. ræsting	126.696.778	113.179.948	107.132.716	97.092.198
Húsnæði	<b>147.140.503</b>	<b>128.502.658</b>	<b>122.830.271</b>	<b>112.015.274</b>
Brennsluefni og olíur	265.009	85.268	168.223	92.809
Verkstæði og varahlutir	158.671	591.322	725.557	301.294
	<b>423.680</b>	<b>676.590</b>	<b>893.780</b>	<b>394.103</b>
Vextir, bætur, skattar	561.744	695.958	541.792	811.770
Eignakaup	24.859.943	17.895.526	27.569.964	28.518.760
Tilfærslur	357.000	338.000	175.000	385.000
Eignakaup	<b>25.778.687</b>	<b>18.929.484</b>	<b>28.286.756</b>	<b>29.715.530</b>
<b>Samtals gjöld</b>	<b>1.106.124.379</b>	<b>1.019.490.514</b>	<b>1.084.421.096</b>	<b>1.061.429.983</b>
Sértekjur	-109.107.977	-80.756.803	-82.801.488	-68.783.576
Aðrar rekstrartekjur	-20.977.492	-36.887.816	-43.688.999	-43.417.134
Framlag ríkissjóðs	-1.002.277.350	-969.858.243	-974.765.490	-886.994.938
<b>Samtals tekjur</b>	<b>-1.132.362.819</b>	<b>-1.087.502.862</b>	<b>-1.101.255.977</b>	<b>-999.195.648</b>
<b>Afgangur (-) / halli</b>	<b>-26.238.440</b>	<b>-68.012.348</b>	<b>-16.834.881</b>	<b>62.234.335</b>

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri sýnist rekstrarafgangur vera um 26 milljónir, sem skýrist að hluta af óvæntum viðbótarfjárheimildum til skólans vegna átaksins „Nám er vinnandi vegur“, sérlega góðrar nýtingar á námshópum, auk almenns sparnaðar í rekstri og kaupum á aðföngum.

## 6. Ytri úttekt á starfsemi FB

Á vorönn 2011 fór fram úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins á starfsemi skólans. Almennt mat úttektaraðila er „að Fjölbreyttaskólinn í Breiðholti sé vel rekinn skóli, trúr upphaflegum markmiðum um fjölbreytt námsframboð. Samskipti í skólanum eru góð og einkennast af vinsemd og virðingu fyrir einstaklingum. Hafin er öflug stefnumótunarvinna og hafa nýir áhersluþættir ráðuneytisins í menntun verið hafðir til hliðsjónar við gerð nýrrar stefnuskrár skólans. Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi eru virt gildi í skólastarfinu. Afstaða nemenda, foreldra og kennara til skólans er góð og starfsmannavelta lítil. Vel er staðið að stoðþjónustu við nemendur með sérþarfir. Tengsl skólans við atvinnulífið eru mikil og jákvæð.“

Helstu veikleikar skólans samkvæmt úttektaraðilum eru að:

- Vinna við námsbrautarlýsingar er ekki hafin
- Innra mati er ábótavant og ekki hefur verið gerð áætlun um það
- Eineltisstefna er ekki til, hvorki fyrir starfsfólk né nemendur
- Náms hópar eru of fjölmennir
- Ekki fylgst með líðan nemenda á markvissan hátt
- Mikið brottfall
- Nemendur geta týnst milli anna
- Æskilegt er að fjölga sterkum bóknámsnemendum
- Félagslífið er slakt
- Of mikið álag er á námsráðgjafa
- Stjórnvöld hafa ekki tekið tillit til sérstöðu skólans hvað varðar fjölmenningu í hverfinu

Í samræmi við tillögur og ábendingar úttektaraðila hefur verið samin umbótaáætlun fyrir árið 2012. Umbótaáætlunin tekur m.a. til upplýsingamiðlunar af fundum og ráðum, gerðar formlegs áhættumats, vinnu við námsbrautarlýsingar, þróunar eineltisstefnu og eflingar námsráðgjafar.

## 7. Horft fram á veginn

Sú stefna að hýsa undir einu þaki bóknám, verknám og listnám af fjölbreyttum toga reyndist framsýn og til þess fallin að takast við áskoranir sem menntakerfið stendur frammi fyrir. Þegar við bætist sterk hefð umhyggju og virðingar fyrir sérhverjum nemanda, er einboðið að álykta að FB geti gegnt sporgönguhlutverki í að feta nýjar slóðir á sviði menntunar hér á landi. Helstu úrlausnarefni eru að endurmóta námstilboð skólans innan ramma nýrra framhaldsskólalaga, að efla starfsmenntun, að styrkja stoðir listnáms að vinna að heilsuefningu nemenda og að þróa enn frekar þjónustu við nemendur sem eiga undir högg að sækja í námi.

Reykjavík 13. apríl 2012,

---

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari